

Félag íslenskra náttúrufræðinga

Ársreikningur 2020

Borgartúni 6
105 Reykjavík

Kt. 530169-4139

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	1
Áritun og skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Skýringar	6
Sundurliðanir	9

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar í Félagi íslenskra náttúrufræðinga

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Félags íslenskra náttúrufræðinga fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning þann 31. desember 2020, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2020 og efnahag þess 31. desember 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Óhæði

Við erum óháð Félagi íslenskra náttúrufræðinga í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur (IESBA Code) og viðeigandi settar siðareglur á Íslandi og höfum uppfyllt önnur ákvæði þeirra.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn er einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn að meta rekstrarhæfi Félags íslenskra náttúrufræðinga og eftir því sem við á, skýra frá þeim atriðum sem varða rekstrarhæfið og notkun forsendunnar um áframhaldandi rekstrarhæfi, nema ætlunin sé að leysa upp félagið eða hætta starfsemi þess, eða ef enginn annar raunhæfur valkostur er í stöðunni.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær, einar og sér eða samanlagðar, gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggjum við á faglegri dómgreind og beitum ávallt faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- * Við greinum og metum hættur á verulegum skekkjum í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- * Við öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- * Við metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- * Við ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun okkar. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- * Við metum í heild sinni hvort framsetning og uppbygging ársreikningsins, þ.m.t. innihald og skýringar, gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem koma upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem fram koma við endurskoðunina, eftir því sem við á.

Skýrsla um innihald skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og ekki koma fram í skýringum.

Reykjavík 15. mars 2021

Valgerður Kristjánsdóttir
löggiltur endurskoðandi

Ernst & Young ehf.
Borgartúni 30
105 Reykjavík

Áritun og skýrsla stjórnar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Félag íslenskra náttúrufræðinga er sjálfstætt starfandi stéttarfélag. Meginstarfsemi félagsins er að stuðla að samvinnu og samheldni náttúrufræðinga á Íslandi og að vinna að bættum kjörum félagsmanna og gæta hagsmuna þeirra í launa- og réttindamálum. Tveir fastir starfsmenn voru hjá félaginu á árinu en sá þriðji bættist við í lok árs 2020 en 33 aðrir fengu greitt fyrir fundarsetu.

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins var hagnaður ársins 2020 kr. 27.676.957. Hrein eign félagsins í árslok nam kr. 182.228.477. Eiginfjárbreytingar koma fram í skýringu um eigið fé í ársreikningnum.

Stjórn Félags íslenskra náttúrufræðinga staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Reykjavík 15. mars 2021

Rekstrarreikningur 2020

Rekstrartekjur	Skýr.	2020	2019
Félagsgjöld		124.245.667	116.418.830
Aðrar rekstrartekjur		901.352	878.090
		<u>125.147.019</u>	<u>117.296.920</u>
Rekstrargjöld			
Greiðslur til BHM		30.113.663	29.338.001
Rekstur húsfélags BHM		4.125.876	3.214.920
Laun og launatengd gjöld	3	50.172.856	47.596.083
Annar rekstrarkostnaður		18.775.528	22.688.124
Afskriftir	5	30.717	30.719
		<u>103.218.640</u>	<u>102.867.847</u>
Rekstrarhagnaður		21.928.379	14.429.073
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		478.161	1.017.946
Vaxtagjöld og bankakostnaður		(509.909)	(502.609)
Greiddur fjármagnstekjuskattur		(7.475.307)	(576.181)
Hagnaður af verðbréfum félagssjóðs	6	9.680.266	7.504.573
Hagnaður af verðbréfum samningssjóðs	6	3.063.338	2.408.679
Áhrif eignarhluta í Húsfélagi BHM	4	512.029	3.078.923
		<u>5.748.578</u>	<u>12.931.331</u>
Hagnaður ársins		<u><u>27.676.957</u></u>	<u><u>27.360.404</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

Eignir

	Skýr.	2020	2019
Fastafjármunir			
Eignarhlutur í Húsfélagi BHM	4	46.455.512	25.438.523
Áhöld og innréttingar	5	0	30.717
Fastafjármunir samtals		46.455.512	25.469.240
Veltufjármunir			
Aðrar skammtímakröfur		0	926.615
Útistandandi félagsgjöld		14.015.191	12.995.793
Krafa á Kjaradeilusjóð		0	454.865
Verðbréfaeign	6	85.194.571	79.874.399
Handbært fé		45.062.345	39.446.236
Veltufjármunir samtals		144.272.107	133.697.908
Eignir samtals		190.727.619	159.167.148

Eigið fé og skuldir

Eigið fé

Samningsjóður	7,8	32.782.892	30.011.658
Óráðstafað eigið fé	8	149.445.585	124.539.862
Eigið fé samtals		182.228.477	154.551.520

Skuldir

Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir		3.453.338	1.195.805
Skuldir við Vísindasjóð		8.198	8.198
Aðrar skammtímaskuldir		5.037.606	3.411.625
Skammtímaskuldir samtals		8.499.142	4.615.628

Skuldir samtals

		8.499.142	4.615.628
--	--	------------------	------------------

Eigið fé og skuldir samtals

		190.727.619	159.167.148
--	--	--------------------	--------------------

Skýringar

1. Upplýsingar um félagið

Félag íslenskra náttúrufræðinga er aðildarfélag að Bandalagi háskólamanna, sem er til heimilis að Borgartúni 6, 105 Reykjavík.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum fyrir utan verðbréfaeign sem færð er á gangvirði. Stjórnendur félagsins hafa metið rekstrarhæfi þess og telja að félagið hafi grundvöll til áframhaldandi starfsemi. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Hann er í íslenskum krónum og allar fjárhæðir eru sýndar í heilum krónum.

Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Handbært fé

Til handbærs fjár teljast bankainnstæður.

Tekjur

Félagsgjöld eru færð miðað við innsendar skilagreinar, á því tímabili sem skilagreinar tilheyra.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

3. Laun og launatengd gjöld

	<u>2020</u>	<u>2019</u>
Laun og launatengd gjöld alls	<u>50.172.856</u>	<u>47.596.083</u>

Fjöldi ársverka á árinu var 2,5, sem er sami fjöldi og árið áður.

Skýringar

4. Eignarhlutur í Húsfélagi BHM

FÍN á 10,19% eignarhluta í Húsfélagi BHM sf. sem stofnað var á árinu 2004. Félagið keypti á árinu sem 3,655% eignarhlut í Húsfélaginu. Eignarhluturinn er færður skv. hlutdeildaraðferð. Með aðferðinni er tekið tillit til rekstrarárangurs og annarra breytinga á eigin fé félagsins.

Breytingar á eignarhlut í Húsfélagi BHM á árinu greinast þannig:

	<u>2020</u>
Eignarhlutur í Húsfélagi BHM 1. janúar	25.438.524
Viðbótarframlag vegna framkvæmda	1.690.990
Keyptur eignarhlutur í Húsfélagi BHM sf.	18.813.970
Afskrift yfirverðs	(18.051)
Hlutdeild í afkomu	<u>530.079</u>
Staða í árslok	<u><u>46.455.512</u></u>

5. Varanlegir rekstrarfjármunir

Áhöld og innréttingar eru færð til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun ef hún er til staðar. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað. Afskriftir eru miðaðar við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna og reiknaðar sem fastur árlegur hundruðshluti af stofnverði, að frádregnu áætluðu hrakvirði, miðað við eignarhaldstíma á árinu.

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	<u>Áhöld og innréttingar</u>	<u>Samtals</u>
Stofnverð 1/1	307.186	307.186
Afskrifað alls 1/1	(276.469)	(276.469)
Afskrifað á árinu	(30.717)	(30.717)
Bókfært verð 31/12	<u>0</u>	<u>0</u>
Stofnverð alls 31/12	307.186	307.186
Afskrifað alls 31/12	<u>(307.186)</u>	<u>(307.186)</u>
Bókfært verð 31/12	<u><u>0</u></u>	<u><u>0</u></u>

Skýringar

6. Verðbréfaeign

Verðbréfaeign er flokkuð sem fjáreign tilgreind á gangvirði í gegnum rekstur við upphaflega skráningu og færast gangvirðisbreytingar á rekstrarreikning félagsins.

	<u>2020</u>	<u>2019</u>
Íslensk verðbréf, félagssjóður	69.384.206	60.787.814
Íslensk verðbréf, samningssjóður	22.030.839	19.086.585
Skuldbinding vegna fjármagnstekjuskatts	(6.220.474)	0
	<u>85.194.571</u>	<u>79.874.399</u>

Gangvirðisbreytingar færðar í rekstrarreikning greinast þannig:

	<u>2020</u>	<u>2019</u>
Íslensk verðbréf, félagssjóður	9.680.266	7.504.573
Íslensk verðbréf, samningssjóður	3.063.338	2.408.679
Samtals	<u>12.743.604</u>	<u>9.913.252</u>

7. Samningssjóður

Ávöxtun sjóðsins var um 3,1 millj.kr. á árinu 2020. Samningssjóður er færður á sérstakan eiginfjárreikning þar sem óheimilt er að ráðstafa fjármununum til annars en samningagerðar.

8. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Samnings- sjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Staða 1/1	30.011.658	124.539.862	154.551.520
Ávöxtun samningssjóðs	2.771.234	(2.771.234)	0
Afkoma ársins	0	27.676.957	27.676.957
Samtals	<u>32.782.892</u>	<u>149.445.585</u>	<u>182.228.477</u>

Sundurliðanir

	2020	2019
Laun og launatengd gjöld		
Laun.....	35.311.382	37.675.062
Laun v/ stjórnar- og nefndasetu.....	4.402.356	4.825.516
Tryggingagjald.....	2.955.987	3.304.724
Lífeyrissjóður.....	6.303.789	6.775.043
Sjúkra- og orlofsheimilásjóður.....	807.440	849.082
Bifreiðarstyrkir.....	391.902	388.080
Önnur laun.....	0	(6.221.424)
	<u>50.172.856</u>	<u>47.596.083</u>
Annar rekstrarkostnaður		
Kostnaður vegna atvinnulausra.....	2.796.599	2.051.122
Fastagjald BHM.....	150.000	150.000
Annar starfsmannakostnaður.....	1.529.932	1.733.780
Áhöld og tæki.....	491.650	325.579
Ritföng.....	78.655	50.786
Auglýsingakostnaður.....	70.500	74.321
FÍN - nemar.....	0	221.386
Sími og burðargjöld.....	386.382	340.135
Endurskoðun	1.181.224	1.062.498
Bókhaldsþjónusta.....	403.880	486.130
Lögfræðiaðstoð.....	9.894.233	11.316.404
Endurgreiddur lögfræðikostnaður.....	(2.734.758)	(1.158.876)
Gjafir.....	12.680	7.589
Kostnaður vegna trúnaðarmanna.....	0	153.940
Rekstur tölvukerfis.....	3.136.681	2.013.177
Kostnaður v/ BIB.....	404.532	503.707
Vátryggingar.....	50.193	45.452
Aðalfundir.....	169.052	251.923
Annar fundakostnaður.....	426.687	1.477.140
Kostnaður vegna kjarasamninga.....	0	11.970
Ferðakostnaður.....	237.934	1.138.181
Aðkeypt þjónusta.....	89.472	431.780
	<u>18.775.528</u>	<u>22.688.124</u>

Undirritunarsíða

Ásdís Benediksdóttir

Marianna Hugrún Helgadóttir

Bergrún Arna Óladóttir

Björg Helgadóttir

Einar Hjörleifsson

Friðþjófur A Árnason

Guðrún Nína Petersen

Lilja Grétarsdóttir

Margrét Geirsdóttir

Pétur Halldórsson

Undirritunarsíða

Stella Hrönn Jóhannsdóttir

Svava Svanborg Steinarsdóttir

Sverrir Daníel Halldórsson

Torfi Geir Hilmarsson

Una Bjarnadóttir

Þorkell Heiðarsson

Anna Berg Samúelsdóttir

Stefán Már Stefánsson

Svanhildur Þorsteinsdóttir

Unnur Magnúsdóttir

Undirritunarsíða

Valgerður Kristjánsdóttir